



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 6/2026

## Brot Pólóborgar ehf. gegn ákvörðun Neytendastofu

### I. Málsmeðferð

1. Með bréfi Neytendastofu, dags. 12. desember 2025, vísaði stofnunin til ákvörðunar stofnunarinnar nr. 38/ 2024, *Auglýsingar Póló á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir rafrettur*, dags. 19. desember 2024. Í bréfinu var einnig vísað til ákvörðunarorða ákvörðunarinnar sem voru eftirfarandi:

*„Pólóborg ehf., Dalapíngi 4, 203 Kópavogi, hefur með því að auglýsa nikótínvörur á samfélagsmiðlum brotið gegn ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.*

*Pólóborg ehf. hefur með því að birta lénið rafrettur.is á stóru auglýsingaskilti framan á verslun sinni á Bústaðavegi brotið gegn ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.*

*Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa Pólóborg ehf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar og skal félagið innan fjögurra vikna fjarlægja markaðsefni sem ákvörðun þessi lýtur að.*

*Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Pólóborg ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 300.000 kr. (þrjú hundruð þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“*



2. Í bréfinu kemur fram að Neytendastofa hafi nú fengið upplýsingar um auglýsingar félagsins á svokölluðu „nikótínþúðajóladagatali“ sem a.m.k. hafi birst á Instagramsíðu Póló.
3. Það sé álit Neytendastofu að ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, kunni að eiga við um málið. Neytendastofa vekir athygli á að ef um brot á ákvörðun Neytendastofu sé að ræða komi iðulega til skoðunar hvort beita þurfi sektum eða öðrum úrræðum samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.
4. Ekkert svar barst við erindi Neytendastofu og var það því ítrekað með bréfi, dags. 2. janúar 2026.
5. Svar félagsins barst með tölvupósti, mótt. 19. janúar 2026, þar sem tekið var fram að ekkert þessu tengt hafi verið póstað á Instagramreikningi Polo og þess beiðst að Neytendastofa vísi til þess hvar það hafi verið gert. Þá sé lénið rafrettur.is logo rétt eins og Polo sé logo og spurt hver sé munurinn á því að auglýsa eitt logo fram yfir annað.
6. Með tölvuósti Neytendastofu, sendum 21. janúar 2026, var tekið fram að um sé að ræða myndband og myndbirtingar sem birtar hafi verið á Instagramsíðu Polo í nóvember og desember 2025 þar sem auglýst hafi verið svokallað „nikótínþúðajóladagatal“. Í auglýsingunum komi fram vörumerkin „Ace.“, „ICE“, „LOOP“, „Velo“ og „Fox“ ásamt því að tekið sé fram að um sé að ræða vörur sem séu bannaðar yngri en 18 ára og að vörurnar innihaldi nikótín.
7. Líkt og fram komi í bréfi Neytendastofu, dags. 12. desember 2025, sé það álit Neytendastofu að ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, kunni að eiga við um málið.
8. Er viðkomi birtingu og auglýsingu á léninu *rafrettur.is* (sem sé ekki undir í fyrirliggjandi máli) hafi Neytendastofa komist að þeirri niðurstöðu í ákvörðun nr. 38/2024 að birting og auglýsing á léninu fæli í sér brot gegn ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018 og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005 enda væri um auglýsingu á rafrettum að ræða. Framangreindri ákvörðun hafi ekki verið áfrýjað til áfrýjunarnefndar neytendamála og standi því ákvörðunarorð hennar.
9. Neytendastofu barst svar félagsins með tölvupósti, mótt. 22. janúar 2026. Þar kom fram að þetta sé ekki í lagi og þarna hafi verið farið verulega framúr sér og beðist sé afsökunar



á þessu. Þetta hafi verið gert án vitundar forsvarsmanns félagsins og muni ekki gerast aftur.

10. Er varði kærufrestinn, sé spurt hvort geti verið að bréf hafi farið á vitlaust heimilisfang. Þetta með lénið hafi verið til umræðu við starfsmann Neytendastofu sem nú starfi á öðrum starfsvettvangi og hafi niðurstaðan verið sú að ekki mætti banna birtingu á logo.
11. Með tölvupósti Neytendastofu, sendur 22. janúar 2026, var tekið fram að ákvörðun nr. 38/2024, ásamt fylgibréfi, hafi verið afhent á starfsstöð félagsins að Bústaðavegi 130, 108 Reykjavík, þann 19. desember 2024.
12. Að öðru leyti og með hliðsjón af svörum félagsins líti Neytendastofa svo á að gagnaöflun málsins sé lokið og muni það nú verða tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

## II. Niðurstaða

13. Mál þetta lýtur að því hvort Pólóborg ehf. hafi brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 38/2024, *Auglýsingar Póló á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir rafrettur*. Í þeirri ákvörðun komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að félagið hefði brotið gegn auglýsingabanni 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018 og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005, með því að auglýsa nikótínvörur á samfélagsmiðlum.
14. Var Pólóborg bannað að viðhafa framangreinda viðskiptahætti með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 og gert að greiða 300.000 kr. (þrjú hundruð þúsund krónur) vegna brotsins.
15. Líkt og fram hefur komið undir rekstri málsins birti Pólóborg myndband og myndbirtingar á Instagramsíðu Polo í nóvember og desember 2025 þar sem auglýst var svokallað „nikótínþúðajóladagatal“. Í auglýsingunum komu fram vörumerkin „Ace.“, „ICE“, „LOOP“, „Velo“ og „Fox“, sem eru vörumerki níkótínvara.
16. Í svörum félagsins kom fram að umræddar auglýsingar hafi ekki verið í lagi, beðist var afsökunar á þeim og tekið fram að viðlíka auglýsingar myndu ekki birtast aftur.
17. Með vísan til framangreinds er það álit Neytendastofu að Pólóborg hafi með umræddu myndbandi og myndbirtingum brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 38/2024.
18. Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. II. – V. kafla laganna auk þess sem Neytendastofa getur samkvæmt



b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.–VIII. kafla og fyrirmælum Neytendastofu.

19. Með vísan til alls framangreinds og að teknu tilliti til umfangs brotanna, fyrri ákvörðunar stofnunarinnar og jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Pólóborg ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 600.000 kr. (sex hundruð þúsund krónur).

### III. Ákvörðunarorð:

**„Pólóborg ehf., Dalapíngi 4, 203 Kópavogi, hefur brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 38/2024, dags. 19. desember 2024, Auglýsingar Póló á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir rafrettur.**

Með heimild í a. og b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2025, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Pólóborg ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 600.000 kr. (sex hundruð þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 17. apríl 2026

Þórunn Anna Árnadóttir  
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir